

FRAMHALDSSKÓLINN Í VESTMANNAEYJUM

LOKAPRÓF: LANDAFRÆÐI 103

KENNARI: _____

NAFN: _____

KENNITALA: _____

HJÁLPARGÖGN: SKRIFFÆRI

PRÓFTÍMI: 90 MÍNÚTUR

Prófið er 8 blaðsíður að meðaldri forsíðu.

Gangið úr skugga um að svo sé

Kl. 09:00 – 10:30

Skilgreiningar og hugtök (80%)

- 1) Hvað er auðlind og hverjir eru þeir flokkar hennar? Nefnið einnig dæmi um hvern flokk (7%)

- 2) Hvað er sjálfbær þróun og af hverju er hún nauðsynleg? (4%)

- 3) Hver er munurinn á kjarna- og jaðarsvæði? Nefnið dæmi um hvorttveggja máli ykkar til stuðnings(4%)

4) Hverjar eru innri og ytri reikistjörnurnar og hver er munurinn á þeim?

(5%)

5) Hvað eru tímabeltin mörg og í hversu margar gráður er þeim skipt? (4%)

6) Hvað eru vetrar- og sumarsólstöður? (4%)

7) Hvað er átt við með tvöföldunartíma íbúafjölda? (4%)

8) Hvað felst í „einbirnisáætlun“ Kínverja? Útskýrið ítarlega. (5%)

9) Hvað eru aðdráttar- og þrýstipættir í fólksflutningum? Nefnið einnig tvö dæmi um hvort atriði (5%)

10) Hver er munurinn á eðlilegum og óeðlilegum landamærum? Nefnið einnig dæmi um hvort atriði (5%)

11) Hverjar voru hinar svonefndu vesturferðir Íslendinga? (5%)

12) Hvernig hafa athafnir manna aukið flóðahættu? Nefnið einnig dæmi máli ykkar til stuðnings. (4%)

13) Hvaða mismunandi áhrif hefur hlýr og kaldur hafstraumur þar sem hann leikur um strendur? (4%)

14) Hvaða þrjú atriði hafa reynst áhrifaríkust í uppbyggingu í þróunarríkjunum?(3%)

15) Hvaða auðlindir er að finna í hafi og á hafsbotni og hvernig eru þær nýttar? Nefnið og útskýrið þrjú atriði.(6%)

16) Hvað er plantekra, hvernig varð þetta ræktunarform til og hvaða umfangsmiklu verslun leiddi hún af sér?(5%)

17) Í hvaða fjórar greinar er atvinnuvegunum skipt í og hvað einkennir hverja um sig? Nefnið einnig dæmi um allar greinarnar.(6%)

Krossaspurningar 10% (Hver spurning gildir 2%)

Merkið eingöngu við eitt svar í hverri krossaspurningu.

1. Hvað er NAFTA?

- Viðskiptabandalag innan Evrópu
- Fríverslunarsamningur milli USA, Mexíkó og Kanada
- Skammstöfun fyrir Alþjóðafríverslunarsáttmálan
- Fríverslunarsamningur milli 20 Kyrrahafsríkja

2. Hvað er "mixed cropping" ?

- Akrar sem eru notaðir í nokkur ár en síðan hvíldir í nokkur ár
- mörgum tegundum plantað eða sáð í sama akurinn
- þar er eingöngu er stunduð jarðrækt
- áhersla á að rækta aðeins eina plöntutegund

3. Hvað er APEC?

- Viðskiptabandalag innan Evrópu
- Viðskiptabandalag milli USA, Mexíkó og Kanada
- Skammstöfun fyrir Alþjóðafríverslunarsáttmálan
- Fríverslunarsamningur milli 20 Kyrrahafsríkja

4. Hvað hefur svæðið verið nefnt sem talið er að í framtíðinni verði miðpunktur framleiðslu og viðskipta í heiminum?

- Þróunarþríhyrningurinn
- Bananinn
- Evrópusambandið
- Ríkjabandalag

5. Þegar talað var um þriðja heiminn (þróunarlöndin) var átt við?

- Asíu, hluta Eyjaálfu, Afríku og Mið og S-Ameríku
- Vesturlönd
- Sovétríkin fyrrverandi og A-Evrópu
- Iðnríki